

GJALDSKRÁ

vegna kattahalds í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda kött í Borgarfjarðarhreppi, sbr. staflíð b, 2. gr. samþykktar nr. 361/1998 um kattahald í Borgarfjarðarhreppi, skal vera kr. 2.500 á ári fyrir hvern kött. Ormahreinsun katta er innifalin í gjaldinu.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 12. nóvember 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 660

30. október 1998

REGLUGERÐ

um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

1. gr.

Á sérstökum göngudeildum, sem viðurkenndar eru af heilbrigðisráðuneytinu, má veita sjúklingum með hvers konar húðsjúkdóma viðeigandi meðferð samkvæmt fyrirmælum læknis, sérfræðings í húðsjúkdómum, þar sem því verður við komið. Að meðferðinni starfi hjúkrunarfræðingur eða annað heilbrigðisstarfsfólk, sem ráðuneytið telur hafa næga kunnáttu til starfans.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða fyrir meðferð, sem um ræðir í 1. gr., samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið setur. Í gjaldskránni má ákveða að sjúklingur greiði tiltekinn hluta af kostnaði við meðferð.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 66. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar öðlast gildi 1. nóvember 1998. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 83 frá 3. febrúar 1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. október 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.